heldur er henni skylt að afsala nefndarmanni friðhelgi hans hvenær sem hún telur að friðhelgin hefti réttan gang máls og þar sem unnt er að afsala friðhelgi án þess að skaða tilgang hennar.

competent to waive the immunity of its members; it has not only the right, but is under a duty, to waive the immunity of one of its members in any case where, in its opinion, the immunity would impede the course of justice, and where it can be waived without prejudice to the purpose for which the immunity is accorded.

Nr. 20 28. júní 1990

AUGLÝSING

um samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 122, um stefnu í atvinnumálum.

Hinn 22. júní 1990 var Alþjóðavinnumálastofnuninni afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 122, um stefnu í atvinnumálum sem gerð var í Genf 9. júlí 1964. Alþingi hafði með ályktun 26. apríl 1990 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samþykktina. Hún öðlast gildi 22. júní 1991 að því er Ísland varðar.

Samþykktin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 28. júní 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

SAMÞYKKT NR. 122, um stefnu í atvinnumálum

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar,

saman komið til 48. þingsetu sinnar í Genf 17. júní 1964, samkvæmt kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

vísar til þess að Fíladelfíuyfirlýsingin viðurkennir þá hátíðlegu skyldu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að efla starfsemi þá og viðleitni meðal þjóða heimsins sem miðar að því að tryggja öllum næga atvinnu og bæta lífskjör fólks. Þá vísar þingið til þess að inngangur að stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar felur í sér ákvæði sem ganga í þá átt að komið verði í veg fyrir atvinnuleysi og að tryggð verði laun til hæfilegrar lífsafkomu.

Þá vísar þingið til þess að samkvæmt ákvæðum Fíladelfíuyfirlýsingarinnar er það eitt af verkefnum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að rannsaka og íhuga hver áhrif stefnan í efnahags- og

CONVENTION NR. 122 concerning Employment Policy

The General Conference of the International Labour Organisation,

Having been convened at Geneva by the Governing Body of the International Labour Office, and having met in its Forty-eighth Session on 17 June 1964, and

Considering that the Declaration of Philadelphia recognizes the solemn obligation of the International Labour Organisation to further among the nations of the world programmes which will achieve full employment and the raising of standards of living, and that the Preamble to the Constitution of the International Labour Organisation provides for the prevention of unemployment and the provision of an adequate living wage, and

Considering further that under the terms of the Declaration of Philadelphia it is the responsibility of the International Labour Organisation to examine and consider the bearing of economic and

fjármálum hefur á stefnuna í atvinnumálum, í ljósi þess grundvallarmarkmiðs að „allir menn, án tillits til kynþáttar, trúar eða kyns, eiga rétt til þess að efla efnahagslega velmegun sína og andlegan þroska við aðstæður frelsis og virðingar, efnahagslegs öryggis og jafnra tækifæra til handa öllum".

financial policies upon employment policy in the light of the fundamental objective that "all human beings, irrespective of race, creed or sex, have the right to pursue both their material well-being and their spiritual development in conditions of freedom and dignity, of economic security and equal opportunity", and

Þingið vísar ennfremur til þess að alþjóðlega mannréttindayfirlýsingin kveður svo á að „allir menn skuli eiga rétt að stunda vinnu, til að ráða því hvaða starf þeir taka sér fyrir hendur, að þeir skuli eiga rétt á að starfa við réttlátar og hagstæðar aðstæður og að þeir eigi rétt á vernd gegn atvinnuleysi".

Considering that the Universal Declaration of Human Rights provides that "everyone has the right to work, to free choice of employment, to just and favourable conditions of work and to protection against unemployment", and

Þingið bendir á að ákvæði gildandi samþykkta og tillagna Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hafa bein áhrif á stefnu í atvinnumálum, sérstaklega ákvæði samþykktar og tillögu um vinnumiðlun frá 1948, tillögu um starfsfræðslu frá 1949, tillögu um iðnfræðslu frá 1962 og samþykktar og tillögu frá 1958 varðandi mismunun í atvinnu og starfi.

Noting the terms of existing international labour Conventions and Recommendations of direct relevance to employment policy, and in particular of the Employment Service Convention and Recommendation, 1948, the Vocational Guidance Recommendation, 1949, the Vocational Training Recommendation, 1962, and the Discrimination (Employment and Occupation) Convention and Recommendation, 1958, and

Lítur þingið svo á að þessar samþykktir og tillögur eigi að nýta sem lið í umfangsmeiri alþjóðlegri áætlun um aukinn hagvöxt á grundvelli nægrar og arðbærrar atvinnu, eftir frjálsu vali.

Considering that these instruments should be placed in the wider framework of an international programme for economic expansion on the basis of full, productive and freely chosen employment, and

Því hefur þingið samþykkt ákveðnar tillögur varðandi stefnu í atvinnumálum, en tillögur þessar voru 8. mál á dagskrá þingsins,

Having decided upon the adoption of certain proposals with regard to employment policy, which are included in the eighth item on the agenda of the session, and

og þar eð þingið hefur jafnframt ákveðið að tillögur þessar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar

Having determined that these proposals shall take the form of an international Convention,

gerir þingið í dag, 9. júlí 1964, eftirfarandi samþykkt sem nefnist Samþykkt um stefnu í atvinnumálum, 1964:

adopts this ninth day of July of the year one thousand nine hundred and sixty-four the following Convention, which may be cited as the Employment Policy Convention, 1964:

1. gr.

1. Í þeim tilgangi að efla hagvöxt og efnahagsþróun, bæta lífskjör, uppfylla þörfina fyrir vinnuafl og vinna bug á þeim vandamálum, sem stafa af atvinnuleysi og of lítilli atvinnu, skal sérhvert aðildarríki lýsa því yfir sem meginmarkmiði að framfylgja virkri stefnu er miði að því að veita öllum næga arðbæra atvinnu eftir frjálsu vali.

2. Fyrrgreind stefna skal miða að því að tryggja

a. atvinnu handa öllum þeim sem eftir vinnu leita,

b. að slík atvinna sé eins arðbær og mögulegt er,

c. frelsi í vinnuvali og jafnframt að sérhver starfsmaður hafi sem víðtækust tækifæri til þess að

Article 1

1. With a view to stimulating economic growth and development, raising levels of living, meeting manpower requirements and overcoming unemployment and underemployment, each Member shall declare and pursue, as a major goal, an active policy designed to promote full, productive and freely chosen employment.

2. The said policy shall aim at ensuring that –

(a) there is work for all who are available for and seeking work;

(b) such work is as productive as possible;

(c) there is freedom of choice of employment and the fullest possible opportunity for each work-

afla sér þjálfunar og sérmenntunar og til þess að nota hæfni sína og gáfur við þau störf sem honum henta vel, án tillits til kynþáttar, litarháttar, kyns, trúar, stjórnmálaskoðunar og þjóðernislegs eða félagslegs uppruna.

3. Fyrrgreind stefna skal miðast við það stig efnahagsþróunar sem fyrir hendi er og það gagnkvæma samband er ríkir milli stefnunnar í atvinnumálum, annars vegar, og stefnunnar í efnahags- og félagsmálum, hins vegar. Einnig skal framkvæmd hennar hagað á þann veg að slíkt samræmist aðstæðum og venjum í hverju einstöku landi.

2. gr.

Sérhvert aðildarríki skal, á þann hátt og að því marki sem samræmist aðstæðum þeim er fyrir hendi eru

a. ákveða, innan takmarka samræmdrar stefnu á sviði efnahags- og félagsmála, hvaða ráðstafanir skuli gera til að ná því markmiði sem tilgreint er í 1. gr., og skulu þær ráðstafanir endurskoðaðar öðru hverju;

b. grípa til þeirra úrræða, sem þörf er á, til að hrinda slíkum ráðstöfunum í framkvæmd, þar með talin gerð áætlana, þegar slíkt þykir við eiga.

3. gr.

Við framkvæmd ákvæða þessarar samþykktar skal haft samráð við fulltrúa þeirra sem þau varða og einkum skal haft samráð við fulltrúa atvinnurekenda og launafólks varðandi stefnuna í atvinnumálum í því skyni að taka fullt tillit til reynslu þeirra og skoðana og til þess að tryggja fullkomna samvinnu þeirra í mótun slíkrar stefnu og þeirri viðleitni að vinna henni fylgi.

4. gr.

Formlegar fullgildingar á þessari samþykkt skulu sendar forstjóra alþjóðavinnnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

5. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem hafa látið forstjórann skrá fullgildingar sínar.

2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.

3. Síðan gengur samþykkt þessi í gildi að því er snertir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

er to qualify for, and to use his skills and endowments in, a job for which he is well suited, irrespective of race, colour, sex, religion, political opinion, national extraction or social origin.

3. The said policy shall take due account of the stage and level of economic development and the mutual relationships between employment objectives and other economic and social objectives, and shall be pursued by methods that are appropriate to national conditions and practices.

Article 2

Each Member shall, by such methods and to such extent as may be appropriate under national conditions —

(a) decide on and keep under review, within the framework of a co-ordinated economic and social policy, the measures to be adopted for attaining the objectives specified in Article 1;

(b) take such steps as may be needed, including when appropriate the establishment of programmes, for the application of these measures.

Article 3

In the application of this Convention, representatives of the persons affected by the measures to be taken, and in particular representatives of employers and workers, shall be consulted concerning employment policies, with a view to taking fully into account their experience and views and securing their full co-operation in formulating and enlisting support for such policies.

Article 4

The formal ratifications of this Convention shall be communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration.

Article 5

1. This Convention shall be binding only upon those Members of the International Labour Organisation whose ratifications have been registered with the Director-General.

2. It shall come into force twelve months after the date on which the ratifications of two Members have been registered with the Director-General.

3. Thereafter, this Convention shall come into force for any Member twelve months after the date on which its ratification has been registered.

6. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Sérhvert aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu áratímabil, en síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

7. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skrásetningu allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar sem honum berst skal hann vekja athygli þeirra á hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

8. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar samkvæmt 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

9. gr.

Þegar stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að telja það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

Article 6

1. A Member which has ratified this Convention may denounce it after the expiration of ten years from the date on which the Convention first comes into force, by an act communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration. Such denunciation shall not take effect until one year after the date on which it is registered.

2. Each Member which has ratified this Convention and which does not, within the year following the expiration of the period of ten years mentioned in the preceding paragraph, exercise the right of denunciation provided for in this Article, will be bound for another period of ten years and, thereafter, may denounce this Convention at the expiration of each period of ten years under the terms provided for in this Article.

Article 7

1. The Director-General of the International Labour office shall notify all Members of the International Labour Organisation of the registration of all ratifications and denunciations communicated to him by the Members of the Organisation.

2. When notifying the Members of the Organisation of the registration of the second ratification communicated to him, the Director-General shall draw the attention of the Members of the Organisation to the date upon which the Convention will come into force.

Article 8

The Director-General of the International Labour Office shall communicate to the Secretary-General of the United Nations for registration in accordance with article 102 of the Charter of the United Nations full particulars of all ratifications and acts of denunciation registered by him in accordance with the provisions of the preceding Articles.

Article 9

At such times as it may consider necessary the Governing Body of the International Labour Office shall present to the General Conference a report on the working of this Convention and shall examine the desirability of placing on the agenda of the Conference the question of its revision in whole or in part.

10. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt sem breytir þessari samþykkt að öllu eða nokkru leyti og sú samþykkt mælir ekki fyrir um á annan veg skal:

a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt *ipso jure* hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, þrátt fyrir ákvæði 6. gr. hér að framan, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma þegar það gerist;

b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt hefur öðlast gildi.

2. Þessi samþykkt skal hvað sem öðru líður halda gildi sínu hvað snertir form og efni í þeim aðildarríkjum sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

10. gr.

Enskur og franskur texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Article 10

1. Should the Conference adopt a new Convention revising this Convention in whole or in part, then, unless the new Convention otherwise provides —

(a) the ratification by a Member of the new revising Convention shall *ipso jure* involve the immediate denunciation of this Convention, notwithstanding the provisions of Article 6 above, if and when the new revising Convention shall have come into force;

(b) as from the date when the new revising Convention comes into force this Convention shall cease to be open to ratification by the Members.

2. This Convention shall in any case remain in force in its actual form and content for those Members which have ratified it but have not ratified the revising Convention.

Article 11

The English and French versions of the text of this Convention are equally authoritative.

Nr. 21 28. júní 1990

AUGLÝSING

um samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 159, um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra.

Hinn 22. júní 1990 var Alþjóðavinnumálastofnuninni afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 159, um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra sem gerð var í Genf 20. júní 1983. Alþingi hafði með ályktun 8. febrúar 1990 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samþykktina. Hún öðlast gildi 22. júní 1991 að því er Ísland varðar.

Samþykktin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 28. júní 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

SAMÞYKKT NR. 159, um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar,

er kom saman til 69. þingsetu sinnar í Genf 1. júní 1983, eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

CONVENTION NR. 159 concerning Vocational Rehabilitation and Employment (Disabled Persons)

The General Conference of the International Labour Organisation,

Having been convened at Geneva by the Governing Body of the International Labour Office and having met in its Sixty-ninth Session on 1 June 1983, and